

## ✉ Re: 2002015 - ASK BR Efnistaka- og iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur

Búið til	10.5.2021 14:58:16
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.5.2021 14:58:14
Tilheyrir	 202104-0012 - Efnistaka- og iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur

### Efni

Re: 2002015 - ASK BR Efnistaka- og iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur

### Upplýsingar

Sent	10.5.2021 14:58:14	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bygg@vik.is

### Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í málsnr. 202104-0012 og 202104-0013 (SS, LA, OKV).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps, dags. 7. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 vegna efnistöku á nýju efnistökusvæði í fjörunni austan við Vík. Einnig var óskað eftir umsögn um deiliskipulagstillögu vegna sömu efnistöku.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að aðalskipulagsbreytingu sem og deiliskipulagstillögunum og skilar hér einni umsögn um bæði málin.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingarinnar þann 15. maí 2020. Vísað er í þá umsögn eftir atvikum.

Náttúrufræðistofnun vill veita eftirfarandi ábendingar:

Áætluð efnistökusvæði, Víkurfjara E1 og Fagradalsfjara E21, eru staðsett við sjávarmörk í sandfjörunni austan við byggðina í Vík í Mýrdal. Ströndin við Vík í Mýrdal hefur breyst mikið frá Kötlugosinu 1918 og hefur ekki enn náð því jafnvægi sem var fyrir gosið. Módelútreikningar Fannars Gíslasonar (<https://skemman.is/bitstream/1946/9182/1/Master-thesis-Fannar%20G%3%adslason.pdf>) (<https://skemman.is/bitstream/1946/9182/1/Master-thesis-Fannar%20G%3%adslason.pdf>) benda til þess

að jafnvægi á setflutningum við Vík muni ekki nást fyrr en um 150 m af núverandi strönd eru rofin burt og bendir jafnframt á að ef ekkert er að gert geti rofið náð allt að þjóðveginum. Margir umhverfisþættir hafa áhrif á strandrof og setflutninga s.s. ríkjandi vindátt, öldugangur og hafstraumar. Tveir sandfangarar, sem byggðir hafa verið út í sjó fyrir neðan byggðina í Vík, hafa reynst vel og stöðvað strandrofið sem ógnaði byggðinni fyrir nokkrum árum.

Ekki er ljóst hvort að efnistaka austan við Vík mun hafa áhrif á það ójafnvægi sem ríkir í setflutningum og rofi meðfram ströndinni. Skiptir þar mestu máli hversu mikil efnistakan er. Áætluð efnistaka er 25.000 rúmmetrar í nýrri námu í Fagradalsfjöru auk 22.000 rúmmetra úr námunninni í Víkurfjöru. Fullnýta á efnistökusvæðin á 2-4 árum, samtals allt að 47.000 rúmmetrar af sandi. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt eins og fram kemur í lýsingu að vakta á breytingar við ströndina.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsingu var bent á að æskilegt væri að gera útreikninga á hugsanlegum áhrifum efnistökkunnar og áhrifum á ströndina vestan við hana og að taka þyrfti tillit til áhrifa vegna loftslagsbreytinga s.s. hækkandi sjávarborðs, veðurfarsbreytingar, o.fl. Fram kemur í aðalskipulagsbreytingunni að hafin sé vöktun á fjörunni og að regluleg drónaflug og mælingar verði viðhafðar allan vinnslutímamann. Þannig verði hægt að meta áhrif efnistökkunnar. Ekki er fjallað um hverjar mögulegar mótvægisáðgerðir eru ef í ljós kemur að áhrif efnistökkunnar á ströndina er þess eðlis að strandrof myndi aukast til viðbótar við náttúrulegt rof. Náttúrufræðistofnun er ekki sammála þeirri fullyrðingu um að efnisnám sé að ákveðnu marki endurnýjanleg auðlind því eins og fram hefur komið, er ekki jafnvægi á milli setflutninga og strandrofs við Vík þó að setfangarar hafi reynst vel til við að draga úr rofi sunnan við byggðina.

Einhver uppgræðsla hefur verið á svæðinu þar sem efnisvinnsla fer fram, og bent var á í umsögn um skipulags- og matslýsingu að athuga þyrfti hvort námasvæðið auki á sandfok í Vík þar sem NA- og A-áttir eru ríkjandi vindáttir á svæðinu. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að uppgræðsla á svæðinu haldi áfram og taki mið af mögulegu sandfoki frá nýju efnisvinnslusvæði við Uxafótarlæk. Vistgerðir á svæðinu sem metnar eru með hátt verndargildi þ.e. língresis- og vingulsvist og grasmóavist eru að hluta tilkomnar vegna landgræðsluverkefna. Þeim ætti að hlífa eins og hægt er við framkvæmdir á iðnaðarsvæðinu. Einnig er starungsmýravist í útjaðri austara efnistökusvæðis sem ber að hlífa en sú vistgerð hefur mjög hátt verndargildi og er fremur lítið um hana svo nálægt ströndinni.

Tjörn austan við efnistökusvæðið sem Uxafótarlækur rennur í nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd eins og kemur fram í aðalskipulagsbreytingunni. Fram kemur að ekki eigi að raska tjörninni en að nýta eigi vatn úr læknum í vinnsluna, eða um 300 m<sup>3</sup>/klst. Fylgjast þarf með og bregðast við, ef vatnstakan hefur neikvæð áhrif á tjörnina og lífríki hennar.

Varðandi umhverfismatið sem kemur fram í umhverfisskýrslu með tillögu að aðalskipulagsbreytingu telur Náttúrufræðistofnun að áhrif á jarðminjar eigi frekar að metast neikvæð en óveruleg áhrif þar sem fjörusandi verður mokaður upp og fjarlægður og óvíst um endurnýjun vegna áhrifa sjávarrofs á svæðinu og breytileika í setflutningum. Þótt jarðminjarnar falli ekki undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd þá eru sandar myndaðir við jökulhlaup sjaldgæfar jarðminjar á heimsvísu og alþjóðlega heitið, Sandar, er upprunnið frá Íslandi.

Áhrif á gróður og dýralíf er að mati Náttúrufræðistofnunar óverulegt eða neikvætt því þótt áhrifasvæði sé ekki stórt þá eru vistgerðir með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem beri að vernda. Ekki er með öllu skýrt hversu hátt hlutfall af þessum vistgerðum er líklegt til að vera raskað. Þá er umfjöllun um áhrif á fuglalíf frekar ómarkviss og ekki vísað í sérstakar athuganir. Það hefði verið betra að mæla þéttleika fugla á svæðinu sem verður fyrir áhrifum til að geta vísað í gögn. Truflun vegna athafna á áður öröskuðu svæði getur einnig fælt burt fugla, til viðbótar við beina röskun á búsvæðum.

Mikilvægt er að fylgjast með ryk- og hljóðmengun. Í tillögunni er metið sem svo að hvoru tveggja hafi óveruleg áhrif gagnvart byggðinni í Vík, vegna ríkjandi vindátta. Þetta þarf að staðfesta með vöktun og tryggja mótvægisáðgerðir ef ryk- og hljóðmengun reynist óásættanleg við ákveðin skilyrði.

Þá er bent á að þar sem framkvæmdasvæðið er á svæði sem að stórum hluta er vaxið lúpínu, þarf að gæta þess að umframefni vinnslunnar sé skilað aftur á sama stað til að koma í veg fyrir frekari dreifingu tegundarinnar. Samkvæmt lýsingu virðist það vera ætlunin með sand sem tekinn er úr efnisnámunninni en sama ætti einnig við um jarðveg sem er ruddur á áætluðu iðnaðarsvæði. Ef leyfa á urðun úrgangsefna á efnistökusvæðinu þarf að huga vandlega að mengunarvörnum vegna nálægðar við hafið og eins útivistarsvæðið sunnan við Vík.

Virðingarfyllst.

Snorri Sigurðsson

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "George Frumuselu" <bygg@vik.is>  
**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Uggi Ævarsson" <uggi@minjastofnun.is>; "anr@anr.is" <anr@anr.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Land.is - LAND" <landland@land.is>; "Barði Þorkelsson" <bardi@vedur.is>  
**CC:**  
**Subject:** 2002015 - ASK BR Efnistaka- og iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur  
**Date:** 7.4.2021 12:00:05

Góðan daginn,

Óskað er umsagna vegna meðfylgjandi máls.

Bestu kveðjur,

**George Frumuselu**

*Skipulags- og byggingarfulltrúi*



**Myrdalshreppur**

Sími: 487 1210  
[myrdalshreppur@vik.is](mailto:myrdalshreppur@vik.is)  
Austurvegi 17  
870 Vík  
<http://vik.is>



Menningarmálastofnun  
Sameinuðu  
þjóðanna  
United Nations  
Educational, Scientific and  
Cultural Organisation



Katla  
Hnattrænn jarðvangur  
UNESCO

Katla  
UNESCO  
Global Geopark



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020 - 2023



Versa Vottun

ÍST 85

Þessi tölvupóstur viðhengi gæti innihaldið trúnaðar upplýsingar og/eda einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

## Viðhengi

image001.png (263 KB)

image002.png (5 KB)